

NES FRÉTTIR

DESEMBER 2012 • 12. TBL. • 25. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Frumherji
Bífreiðaskoðun
Hólmaslóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



VEISLUBAKKAR
PANTANIR Í SÍMA
517 3366
WWW.SUSHIMIDJAN.IS



sushimiðjan

RESTAURANT
VIÐ SMÁBÁTAHÖFINA
OPIÐ TIL 22:00

Á myndinni eru nemendur úr Grunnskóla Seltjarnarness með skókassa sem þau gáfu í söfnunina „Jól í skókassa“. Alls söfnuðust 163 jólagjafir í skókassa í Myró frá nemendum, foreldrum þeirra og starfsfólki skólans en safnað var að þessu sinni til munaðarlausra og fátækra barna í Úkraínu. Góð þátttaka var í verkefninu nú sem endranær. Skólinn þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn við þetta skemmtilega og uppbyggilega verkefni.



Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

**Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080**

Verslum við litla manninn



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift fritt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Áhugaverð fjárhags- áætlun samþykkt

Margt áhugavert má sjá í nýsamþykktu fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2013. Varið verður 85 milljónum til byggingar hjúkrunarheimilis við hliðina á Seltjarnarneskirkju. Einnig á að veita 65 milljónum til viðgerða á Valhúsaskóla en á það var bent í Nesfréttum á liðnu hausti að mikið bæri á leka og raka í húsnæði skólans. Eins og sjá má á öðrum stað í blaðinu er ýmsar minni framkvæmdir einnig á döfinni.

Minnihlutinn í bæjarstjórn hefur tvo af sjö fulltrúum í Bæjarstjórn Seltjarnarness og áheyrnarfulltrúa í öllum nefndum bæjarins og getur því fylgst vel með gangi mála. Bæjarfulltrúar minnihlutans segja að oft hafi verið tekið mark á tillögum þeirra og ábendingum. Þau vinnubrögð sýna að hægt er að vinna saman í pólitík ef skynsemin ræður för sem er þveröfugt við það sem er að gerast á Alþingi Íslendinga þar sem sérhagsmunir og eiginhagsmunir ráða afstöðu manna til flestra mála. Því veður að breyta.

Við á suðvesturhorninu höfum verið heppnin með veðráttuna það sem af er vetri og varla séð snjókorn. Út um landi er víða allt á kafi í snjó á sama tíma og er kostnaður sumra bæjarfélaganna orðin ærin við snjómoksturinn. Vonandi verður veðráttan hjá okkur áfram mild svo að við losnum við mikinn snjómokstur í vetur. Hann þyngir rekstur sveitarfélaganna og getur því haft afleiðingar á aðrar nauðsynlegar framkvæmdir á þeirra vegum.

Nú er stutt í jólahátíðina og vonandi verður jólahaldið ánægjulegt hjá Seltirningum.

Nesfréttir óska Seltirningum gleðilegra jóla.

K

Fjárhagsáætlun Seltjarnarness 2013:



414 milljónum króna varið til fjárfestinga á árinu

Um 85 milljónir í hjúkrunarheimili og 65 til viðgerða á Valhúsaskóla

Gert er ráð fyrir að veita 85 milljónum króna til byggingar hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi og 65 milljónum króna til viðhalds á Valhúsaskóla samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir næsta ár. Þetta eru stærstu einstöku fjárfestingarliðir áætlunarinnar en alls er áætlað að verða um 414 milljónum króna til fjárfestinga á árinu 2013.

Af öðrum stærri fjárfestingum má nefna að verja á 35 milljónum til endurnýjunar gangstétta á Seltjarnarnesi og 25 milljónum til malbikunar gatna. Vegna dælustöðvar og brunna við Tjarnarstíg á að

verja 24 milljónum og 21 milljón til endurnýjunar fráveitu við Unnarbraut. Um 13 milljónum á að verja til vatnsveitu við sömu götu og 12 milljónum til hitaveitu við Lindarbraut. Forsendur fjárhagsáætlunar Seltjarnarnesbæjar gera ráð fyrir að verðbólga verði 5% frá upphafi til loka ársins 2013. Spár gera ráð fyrir 6,5% til 10% atvinnuleysi í landinu.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er



Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkygningar í fjölmöla • Landsbyggðarþjónusta • Lífplutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



20% afsláttur

fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu

Nesbíúinn



Sjáumst öll á áramóta-
brenninni á Valhúsahæð!

Góð jólagjöf!

Reykjavíkur apótek verður með fjölbreytt úrval af allskyns gjafavöru fyrir jólin. Mikið úrval af bað- og ilmvöru auk ýmissa annarra góðra kosta.

1.180 kr.



1.133 kr.



6.489 kr.



5.489 kr.

1.841 kr.

12.754 kr.



7.948 kr.



6.990 kr.



4.150 kr.

6.990 kr.



6.990 kr.



5.990 kr.



21.461 kr.



9.520 kr.



Reykjavíkur  Apótek

Fjárhagsáætlun Seltjarnarness 2013:



Jákvætt að aðhald og hagræðing hafa skilað sér

„Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Neslistans styðja þá fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir hjá Seltjarnarnesbæ. Jákvætt er að aðhald í rekstri og hagræðing hefur skilað sér svo hægt er að lækka útsvar. Á móti kemur að fasteignagjöld munu hækka umtalsvert á næsta ári vegna hækkunar á fasteignamati. Þetta kemur m.a. annars fram í bókun bæjarfulltrúa Neslistans og Samfylkingarinnar.

Í bókuninni segir að naumur rekstrarafgangur í ljósi ýmissa efnahags- og rekstrarlegra óvissuþátta, sem geti haft áhrif bæði á tekjur og gjöld sveitarfélagsins, þýðir að gæta þurfi fyllstu aðgæslu á öllum sviðum. Þó verði að gæta þess að verja grunnþjónustuna og ekki sist þá þjónustu sem snýr að börnum og ungmennum. „Við höfum áhyggjur af því að aðhald síðustu ára sé farið að bita í grunnþjónustuna en verðum að treysta því að áætlunin endurspeglir raunþörf til að reka

þessa þjónustu vel; að hún þjóni þörfum íbúa og tryggi góðar vinnu- aðstæður fyrir starfsfólk bæjarins. Fjárhagsáætlun hverju sinni þarf að endurspeglar framtíðarsýn, gildi og áherslur sveitarfélagsins; hvernig áætlunin er að hlúa að góðu mannlífi á Seltjarnarnesi, sinna þörfum fjölskyldna og vernda náttúrugæði.“

Árni Einarsson bæjarfulltrúi Neslistans segir að í fjárhagsáætlun Seltjarnarneskaupstaðar fyrir árið 2013 sé leitast við að koma til móts við barnafjölskyldur. Tómsundastyrkir hækki á milli ára og leikskólajöld verði óbreytt áfram um sinn. Þá beri að fagna upptöku sérstakra húsaleigubóta. Í ályktuninni segir að Samfylking og Neslisti leggi áherslu á að til þess að unnt verði að snúa við íbúafækkun og fækkun barna í bænum verði Seltjarnarnes að vera samkeppnishæfur og raunhæfur búsetuvalkostur barnafjölskyldna. Þar vega þjónustugjöld og félagslegur stuðningur þungt.

Tómsundastyrkir hækkaðir um 20%

Skattar á íbúa á Seltjarnarnesi lækka samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2013. Útsvarsprósentan lækkar úr 14,18 í 13,66. Rekstur bæjarsjóðs skilar afgangi og hægt verður að auka þjónustuna við bæjarbúa. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir í samtali við Nesfréttir að fjárhagsáætlunin hafi verið unna í samvinnu meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn. Meðal tíðinda úr áætluninni er að tómsundastyrkir verða hækkaðir um 20% fara í 30 þúsund krónur en þeir voru 25 þúsund krónur. Seltjarnarnes er því með hæstu styrki af þessu tagi á landinu.

„Þessir styrkir koma barnafjölskyldum vel og það er samstaða um að batnandi hagur bæjarsjóðs skuli komi fjölskyldufólki til góða,“ segir Ásgerður og kveðst ánægð með að Nesið skuli nú í farabroddi á landinu hvað varðar tómsundastyrkina. Frá 1. janúar á næsta ári verða teknar upp sérstakar húsaleigubætur. Þær bætur eru ætlaðar fjölskyldum og einstaklingum sem eiga í erfiðleikum með húsaleigu sökum lágra tekna, þungrar framfærslu eða annarra félagslegra aðstæðna. Skattar eru almennt lægstir á Seltjarnarnesi þegar miðað er við önnur sveitarfélög. Fasteignaskattur er 0,21% sem er lægsta hlutfallið á höfuðborgarsvæðinu, vatnsskattur 0,11% og fráveitugjald 0,12%. Þegar Ásgerður er innt eftir fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs segir hún hana sterka. „Bærinn hefur greitt niður skuldir og engin ný lán hafa verið tekin á árinu. Rekstrarafgangur verður 18 milljónir króna,



Ásgerður Halldórsdóttir.

samkvæmt áætluninni. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er 70% sem er með því lægst á landinu og fer lækandi.“ Ásgerður kveðst vilja þakka starfsmönnum bæjarfélagsins góða rekstarafkomu sem hafi lagt sig fram um skilvirkan rekstur. Rómur helmingur útgjalda aðal- sjóðs bæjarins fer til fræðslumála. „Þjónustan sem skólarnir veita er mjög góð og styður nýlega úttekkt frá menntamálaráðuneytinu það og samanburður á samræmdum prófum milli skóla landsins.“ Þegar rætt er um íbúafjölgun segir Ásgerður að hófleg íbúafjölgun á næstu árum þurfi ekki að kalla á umfangsmiklar fjárfestingar af hálfu bæjarfélagsins. „Eins og bæjarbúar hafa eflaust tekið eftir hafa ýmsar framkvæmdir verið unnar á þessu ári. Þá er hafin vinna við að endurnýja þakið á Eiðistorgi og á næsta ári verður farið í utanhús viðgerðir á Valhúsaskóla en ráðgert er fara í framkvæmdir fyrir um 250 mkr. auk byggingu hjúkrunarheimilis. Í sumar störfuðu um 350 unglingar við ýmis störf hjá bænum en öllum sem leituðu til bæjarins um sumarstarf fékk starf, er það liður í sumarátaki bæjarins að unga fólk okkar hafi starf en gangi ekki um atvinnulaust. Ég hef orðið vör við almenna ánægju með þetta framtak bæjarins. Auðvitað kostar þetta fjármuni en þetta er alltaf spurning um forgangsroðun miðað við aðstæður hverju sinni hvernig skattfé íbúanna er varið,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.





DÚN & FIÐUR
Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Dún & Fiður ehf
Laugavegur 86
101 Reykjavík
Sími 511 2004
<http://dunogfidur.is>

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

Iceland

NÝ VÆRSLUN
Á GRANDA

Jólatilboðin eru í Iceland

Verið hjartanlega velkomin í nýju búðina á Fiskislóð



Opið frá 11 - 20 alla daga

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
löggiltur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR



Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • www.tingholt.is • sími 512 3600

**Taktu þátt í ET leiknum á
endurvinnslutunna.is**
Þú gætir unnið iPad mini



Dagur íslenskrar tungu

Nemendur og starfsfólk Mýró héldu dag íslenskrar tungu hátíðlegan á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar þann 16. nóvember sl. Unnin voru fjölbreytt verkefni í öllum árgöngum og hátíðasamkoma var haldin á sal skólans.

Þar var boðið upp á margt skemmtilegt; 3. bekkingar fluttu leikþátt um ævi Jónasar Hallgríms-

sonar. Ljóð eftir Jónas og fleiri höfundu voru lesin og sungin og 5. bekkingar léku sér með íslensk orð og áhorfendur fengu að geta hvaða orð var um að ræða. Að lokum sungu allir nokkur lög saman. Um 30 nemendur úr 5. og 6. bekk heim- sækja svo allar deildir leikskólans og lesa fyrir krakkana þar.

*Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*


Þökkum viðskiptin

*Starfsfólk
Hársnyrtistofunnar Permu*



HÁRSNYRTISTOFA
EÐISTORGI 13 - 15
SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

FIMM FRÁBÆRAR!



Hér segir Villi á Brekku gamansögur af sér og samferðarmönnum sínum og fer á kostum eins og hans er von og vísa.



Björn Jóhannsson kafar í sagnasjóð Skagfirðinga og útkoman er á þriðja hundrað gamansögur sem fá alla til að hlægja.



Skvísubók - sem er líka fyrir karla. Ómissandi bók fyrir allt skóahugafólk eftir skóardrottninguna Hönnu Guðnýju Ottósdóttur.



Sjálfstætt framhald metsöluþókarinnar Dauðinn í Dumbshafi. Sjá úr bókinni á: <http://issuu.com/magnusthor/docs/navigi-issuu>



Pétriska orðabókin er ekki bara stórskemmtileg heldur auðgar hún íslenskt mál svo um munar.

BÓKAÚTGAFAFAN HÓLAR

Launakostnaður var 995 þúsund á nemanda

Heildarlaunakostnaður á nemanda í Grunnskóla Seltjarnarness var 995 þúsund krónur á ársgrundvelli á árinu 2011. Fjöldi nemenda það rekstrarár var 525 og 55 starfsgildi kennara með réttindi voru við skólann en stöðugildi voru alls voru 92,2. Þetta kemur fram í nýútkomni Skóla-skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna rekstrarkostnaðar 2011 en þar er að finna yfirlit yfir heildarkostnað vegna grunnskóla hér á landi.

Laun og launatengd og við grunnskóla Seltjarnarness námu 522 milljónum og annar rekstrarkostnaður

um 290 milljónum þannig að beinn heildarkostnaður við skólann var um 812 milljónir króna sem þýðir rúmar 1,5 milljónir á hvern nemanda. Skólarnir eru flokkaðir eftir stærð og gefið upp vegið meðaltal hvers stærðarflokks. Þar kemur brúttó rekstrarkostnaður á hvern nemanda fram, nettó rekstrarkostnaður á hvern nemanda og launakostnað á hvern nemanda. Í öllum tilvikum er um beinan rekstrarkostnað að ræða, þar sem ekki er tekið tillit til sameiginlegra liða.

Tafla að neðan sýnir rekstrarkostnað á nemanda árið 2011.

Rekstrarkostnaður á nemanda 2011	Fjöldi nemenda	Stig kennara með stöðugildi	Stig annar starf	Stöðugildi alls	Laun og launatengd	Annar rekstrark.	Brúttó beinn rekstrark.	Rekstrark. leyrðómur	Launakostnaðurinn
Grunnskól Vestmannaeyja	585	35,2	25,2	60,4	454.314	208.221	662.535	1.133	777
Langfjörðskóli	594	38,1	22,3	60,4	427.803	262.233	690.036	1.223	759
Músski	500	31,9	11,9	63,4	366.183	180.062	546.245	993	666
Grunnskól Seltjarnarness	525	36	37	62,2	622.156	269.897	892.053	1.647	965
Ólafskóli	813	47,1	31,1	78,8	401.818	224.304	626.122	1.206	783
Kárekskóli	496	43,8	18	65,7	374.218	162.543	536.761	1.134	770
Ingarneskóli	436	37,7	19,9	68,8	298.428	198.921	497.349	1.136	684

Jólatréin ræktuð innanbæjar

Seltjarnarnesbær verður jólalegri með degi hverjum og láta starfsmenn bæjarins sitt ekki eftir liggja þegar kemur að því að færa birtu og yl í líf bæjarbúa. Eftir að hafa komið upp ótal fallegum jólaljósum á ljósastaurum bæjarins hófust þeir handa við að setja upp jólatré við Norðurströnd og á Hrólfskálavör.

Jólatréin koma ekki langt að því í fyrsta sinn í sögu bæjarins eru þau bæði fengin innan bæjarmarkanna úr hinni vinsælu Plútóbrennku. Næsta vor stendur til að gróðursetja ný tré í stað þeirra sem nú voru tekin, en vonir manna standa til að unnt sé að viðhalda þessari hringrás í nánustu framtíð og að bærin verði sjálfbær með sín jólatré.



Starfsmenn bæjarins að setja upp jólatréið við Norðurströnd

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Áramótabrenna á Valhúsahæð

Safnast verður saman á Valhúsahæð.

Kveit verður í brennu klukkan 20:30.

Hermann Arason stýrir fjöldasöng.



Íþrótt- og tómsundaráð Seltjarnarness óskar
Seltirningum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



Limran er eins og skíðastökkpallur

Limrubókin, snjöllustu, myndustu og furðulegustu limrunnar, er yfirskrift fyrsta íslenska limrusafnsins. Óhætt er að segja að það sé fjölbreytt safn af hinum skemmtilegustu limrum. Það er Pétur Blöndal sem tekur bókina saman, en hann er mikill ljóðaáhugamaður og hefur haldið úti vísnaþætti í Morgunblaðinu frá árinu 1995. Pétur á ekki langt að sækja áhuga sinn á ljóðum og vísnaþætti því faðir hans Halldór Blöndal fyrrverandi ráðherra og alþingismaður er þekktur vísnaáhugamaður og hefur m.a. unnið með syni sínum að vísnaþættinum í Morgunblaðinu. Pétur ólst að verulegu leyti upp á Seltjarnarnesi og flutti síðan aftur þangað með fjölskyldu sína. Seltirningurinn Pétur Blöndal var tekinn tali í tilefni af útgáfu bókarinnar.

Hvað eru limra?

„Limrur eru fimm ljóðlínur, þrjár langar sem ríma sér, og tvær skammlínur,“ segir Pétur. „Eiginlega má segja að limran sé eins og skíðastökkpallur. Hún fer hægt af stað í fyrstu tveimur línunum, svo koma tvær stuttar línur þar sem hraðinn eykst, og loks tekst hún á loft í fimmtu línunni. Gott dæmi um það er limra Davíð Hjalmar Haraldssonar:

*Smjörið er kolgrænt í kúpunni
og kasúldin bringan á rjúpunni
á veitingastað
en verst þó að
kokkurinn situr í súpunni.“*

Þú fjallar um uppruna og sögu

limrunnar í upphafskafla bókarinnar?

„Já, drýgstur hluti bókarinnar er einfaldlega limrusafn, en í upphafskaflanum rek ég uppruna limrunnar og hvernig hún skaut rótum hér á landi. Það er ekki fyrr en í seinna stríði að Íslendingar fara að vinna meðvitað með limruformið og það var lán okkar Íslendinga að það voru skáldin sem tóku limruna upp á sína arma. Eins og ég rek í bókinni voru Sturla Friðriksson og Jóhann S. Hannesson allra fyrstir til að íslenska limruna og Kristján Karlsson í félagi við Jóhann. Fyrsta limran sem Kristján sendi Jóhanni í bréfi var svona:

*Af ástæðum ótilgreindum
ef til vill flóknum leyndum
hann gat ekki pissað
það gjörði oss svo hissa að
vér gátum ei heldur sem reyndum.*

Aðrir forvígismenn limruhefðarinnar á Íslandi voru Þorsteinn Valdimarsson, sem mótaði orðið limra, Þorsteinn Gylfason og Hrólfur Sveinsson, sem er í ætt við Helga Hálfðanarson. Auðvitað réð þetta mannaval miklu um að stuðlar og höfuðstafir voru í íslenski útgáfu limrunnar frá upphafi, auk þess sem hún varð kannski meira abstrakt fyrir bragðið. Síðan hefur limruhefðin breiðst út á Íslandi, eins og sjá má af því að hátt í 100 limruskáld eru í bókinni.“

Sumir segja að náttúra limrunnar sé ónáttúra?

„Víst hafa sumir einungis smekkt



Fjölskyldan í Grýlukertaleiðangri í Fljótshlíðinni. Örn Óskar, Pétur, Ólöf Krístrún og Anna Sigríður Arnardóttir.

fyrir dónalegum limrum. Hjalmar Freysteinnsson læknir á Akureyri hafði raunar áhyggjur af þessu og orti:

*Ég þekki mislyndan múrara
og mér þykir fandanum súrara,
hann les ekki finar
limrunnar mínar
en liggur í því sem er klúrara.*

Í bókinni vitna ég í inngangsorð Þorsteins Valdimarssonar, en þar segir hann: „Það sem varla mátti hvísla, varð hljóðbært í limrunni; það sem enginn mátti hugsa, hló þar undir rós; það sem ekki mátti prenta, nema þá í Frakklandi – það fann veg undir og veg yfir boð og bönn. Og brátt þótti mega skipta limrum í þrennt: þær sem konum sómdu að hlýða, þær sem hviðra mátti að presti sínum – og limrur.“

Ég gæti þess auðvitað að þóknast þessum hópi limruunnenda, en ég sýni líka breidd limrunnar með útgáfunni. Þarna eru um 300 limrur af öllum toga, gamanmál, tvíæðni, ádeila og ljóðræn stemmning. Svo dæmi sé tekið um limru Hjalmar Haraldssonar, sem er allt í senn gamanvísna, pólitísk og tvíæðni:

*Lífsreynd var Lovísa Dröfn
hún lagði ekki á minnið öll nöfn
þeirra er ástfangnir þóttust
og í hana sóttust
líkt og sandkorn í Landeyjahöfn.“*

Og höfundavalið er fjölbreytt?

„Já, þarna eru höfundar úr öllum þrepum þjóðfélagsstigans, ráðherrar, prestar, læknir, sakaskráritari, auglýsingagerðarmaður og uppistandari, baðvörður og forseti lýðveldisins. Ekki má gleyma listmálaránum Valtý Péturssyni, en listlegar teikningar hans eru mikil prýði á bókinni eins og lesa má í einkar jákvæðri umsögn Kolbrúnar Bergþórsdóttur um Limrubókina sem birtist í blaði allra landsmanna.“

Ein limra að lokum?

„Davíð Hjalmar Haraldsson er eitt okkar allra bestu limruskálda eins og sést á þessari limru, sem er gamansöm og um leið ákveðinn spéspegill samtímans:

*Atli var illkvittinn sauður,
ófrómur, lyginn og blauður.
Umbreyttist hann
í öndvegismann
í útfararæðunni, dauður.“*

Frosin **LAUFABRAUÐ**
Njótum aðventunnar saman

www.ommubakstur.is

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu og frábærar móttökur á nýja staðnum.

Munið konukvöldið 12. des. frá kl. 18-21.



Iris og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is





Hópfaðmlag og vinavika í Mýró

Vinavika var í Mýrarhúsaskóla í byrjun nóvember. Þá var unnið með góð samskipti og vináttu á margvíslegan hátt í öllum árgöngum. Eitthvað var um að vera á hverjum degi, t.d. ný hárgreiðsla, stelpur mættu í strákafötum og strákarnir í stelpufötum o.s.frv.

Áttundi nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti og þann dag fengu allir vinaarmbönd og allir,

nemendur og starfsfólk fór út, leiddust og mynduðu hring utan um skólann. Síðan mynduðu nemendur hring, þau yngstu voru innst, og síðan hver bekkjardeild utan um aðra. Þetta var táknrænt fyrir á umhyggju og vináttu sem við viljum leggja áherslu á hér í skólanum. Vinavikan endaði á að allir komu saman á sal og dönsuðu „Gangnam style“ af miklu fjöri.



Menningarhelgi

Helgin sem tengdi nóvember og desember var viðburðarík á Seltjarnarnesi. Ungmennni bæjarins létu mikið að sér kveða og sýndu forældum og ættingjum afraksturinn af blómlegu tómsundastarfi vetrarins.

Fyrsti viðburður helgarinnar fór fram í Bókasafni Seltjarnaness föstudaginn 30. nóvember þegar opnuð var sýning Guðmundar Kristinssonar Með eigin augum. Nær tuttugu manna Stórsveit Öðlingaklúbbs FÍH mætti á staðinn og lék fyrir gesti margar þekktar dægurperlur. Sýning Guðmundar stendur til 18. desember. Daginn eftir laugardaginn 1. desember stóð Tónlistarskóli Seltjarnarness fyrir þrennum jólatónleikum í Seltjarnarneskirkju þar sem tónlistarmenn framtíðarinnar létu ljós sitt skína við húsfylli á öllum tónleikunum. Sunnudaginn 2. desember léku svo á fimmtahundrað iðkendur

Gróttu listir sínar á hinna árlegu jólasýningu að viðstöddum rúmlega 500 ánægðum áhorfendum. Að kvöldi sunnudagsins lá leið fjölmargra í kirkjuna á árlegt aðventukvöld. Sr. Karl Sigurbjörnsson flutti hugleiðingu, Litlu snillingarnir og Gömlu meistarnir sungu undir stjórn þeirra Ingu Bjargar Stefánsdóttur tónlistarkennara og Kammerkór Seltjarnarneskirkju söng undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar, organista og kórstjóra. Þá má geta þess að hin vinsæla tónleikadagskrá Te og tónlist stóð öllum opin í bókasafninu mánudag 3. desember þar sem Strengjasveit Tónlistarskólans hélt jólatónleika sem helguð var Helgu Þórarinsdóttur fiðlukennara við skólann og stjórnanda sveitarinnar, sem nú stríðir við veikindi. Mikill samhugur ríkti á tónleikunum, sem voru vel sóttir venju samkvæmt.



FLUGELDASALA BJÖRGUNARSVEITANNA

28. des. Kl. 10-22

29. des. Kl. 10-22

30. des. Kl. 10-22

31. des. Kl. 8-16

BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐ
VIÐ BAKKAVÖR



BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES

Jólatrjáarokk á Rauða Ljóninu 29. desember

Það verður mikið um dýrdir á Rauða Ljóninu á Eiðistorgi laugardagskvöldið 29. desember þegar hin árlega jólatrjáaskemmtun viðburðafélagsins H.P. Optime fer þar fram. Allir velunnarar Seltjarnarness eru boðnir velkomnir á hátíðina, svo fremi sem þeir hafi aldur til að sækja staðinn. Að vanda eru fjölmörg skemmtiatriði á dagskránni, sem nær hápunkti með áramótatónleikum hljómsveitarinnar Nesvínir.

„H.P. Optime hefur staðið fyrir jólatrjáaskemmtun fyrir félagsmenn í rúman áratug en í fyrra brydduðum við upp á þeirri nýjung að hafa hátíðina opna öllum,“ segir Ásmundur Haraldsson, einn af forsprökkunum. „Þetta heppnaðist vonum frammar, Ljónið smekkyfylltist og einstök stemning myndaðist enda höfðu margir þarna ekki hist síðan í Való, eða jafnvel Mýró!“

Á meðal forvitnilegra dagskrárliða eru bíósýning og spurningakeppni þar sem staðgóð þekking á samtímasögu Seltjarnarness og helstu íbúum kemur sér vel. Þannig gæti verið gott að muna hvar Ninní rak kjörbúð á sínum tíma. Þá verða boðnir upp fágætir munir úr sarpi H.P.

Optime. „Ótrúlegir fjársjóðir hafa komið upp úr hirslum okkar,“ segir Guðmundur Óskarsen, félagsmaður í H.P. Optime. „Torkennilegt kaldastríðsgóss frá Sölnunefnd varnarliðseigna og munir sem tengjast auglýsinga-herferðum löngu horfinna fyrir-tækja, eins og Arnarflugs og NFS, eru á meðal þess sem við höfum boðið upp í gegnum tíðina. Sjáum til hvað kemur nú upp úr pokanum.“

En hvers vegna jólatrjáaskemmtun? „Rétt eins og það er rangt að tala um jólatréssölu – af því að þar eru oftast seld fleiri en eitt jólatré – þá er líka vitlaust að tala um jólatrésskemmtun,“ segir Ásmundur. Ekki fylgir þó sögunni hvort jólatréin á Rauða Ljóninu verði eitt, fleiri eða kannski ekkert. Til að komast að raun um það verður að mæta þang að 29. desember.

Dagskráin hefst stundvíslega klukkan 21.00 og er aðgangur ókeypis.



Bókmenntakvöld og listsýningar

„Það er alltaf svo vel mætt hjá ykkur og góður mórall“ sagði einn rithöfundurinn sem las á Höfundakynningu bókasafnsins 20. nóvember síðastliðinn. Þróstur Helgason bókmenntrafræðingur stjórnaði umræðum kvöldsins en rithöfundarnir sem lasu úr verkom sínum voru Steinunn Sigurðardóttir sem las úr Fyrir Lisu sem er sjálfstætt framhald skáldsögunnar Jójó sem kom út í fyrra, Einar Kárasen sem las úr Skáldi og þar með er lokið Sturlungasögu hans og Árni Þórarinnsson sem las úr bók sinni um Einar blaðamann Ári kattarins. Þetta er áttunda bók Árna um Einar blaðamann.

Í nóvember voru einnig opnaðar þrjár myndlistsýningar. Sú fyrsta „SexFimmFjórir“ opnaði 2. nóvember. Þar sýndu fimm ungar listakonur verk sín. Listakonurnar sem allar eru útskrifaðar úr Listaháskóla Íslands voru Guðný Hrönn Antonsdóttir, Jóhanna María Einarsdóttir, Margrét Helga Sesseljudóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Sigrún Sæmundsen.

Sýning sem opnaði 30. nóvember ber yfirskriftina

Megin eigin augum. Þar sýnir Guðmundur Kristinnsson 44 myndir unnar með olíupastel, vatnslitum og þurrpastel. Við opnunina bauð Guðmundur uppá skemmtilega jasstónlist sem Stórsveit Öðlingaklúbbs FÍH flutti. Fjöldi gesta mætti og gladdist með Guðmundi og fjölskyldu. Sýningin stendur frá 30. nóvember til 18. desember 2012. Sýningin er opin á afgreiðslutíma bókasafnsins mánudaga - fimmtudaga 10:00 til 19:00 og föstudaga 10:00 til 17:00. Sýningin er einnig opin á laugardögum; 1., 8. og 15. desember á milli kl. 14 og 17 og þá er gengið inn í salinn frá Eiðistorgi.



Hringbraut 119
Sími: 55 44444

Taktu þátt í ET leiknum á endurvinnslutunna.is

Þú gætir unnið iPad mini



GEFÐU ÁVÍSUN Á GÓÐA HEILSU Í JÓLAGJÖF

Úrval gjafabréfa í boði í öllu sem viðkemur heilsurækt, snyrti- og nuddmeðferðum.

WorldClass
ICELAND
www.worldclass.is

LAUGARSPA
www.laugarspa.is

Minningarsýning í Bókasafni Seltjarnarness



Á minningarsýningu Sigríðar Gyðu Sigurðardóttur sem stóð yfir í Bókasafninu á Seltjarnarnesi í nóvember komu saman nokkrir gamlir félagar úr Myndlistarklúbbi Seltjarnarness. Sigríður Gyða var ein af stofnendum klúbbsins en hann hélt fjölmargar samsýningar og setti mark sitt á bæjarbraginn. Á myndinni eru talið frá hægri: Garðar Ólafsson, Björg Ísaksdóttir, Auður Sigurðardóttir, Sigurður Kr. Árnason og Guðmundur Kristinsson. Myndina tók Sigurgeir Sigurðsson yngri

LÁTUM FRÍÐARLJÓSIÐ LÝSA UPP AÐVENTUNA



Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

 Hjálparstarf
kirkjunnar

PIPARBYVA - 103975

www.borgarblod.is

Upplifðu jólin...

... með ötkur á Skrúð

Frá og með 17. nóv. býður Skrúður á Hótel Sögu upp á girnileg jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin fram að jólum, alla daga vikunnar. Afstappað andrúmsloft, góð þjónusta og dýrindis matur draga að vinnufélaga, vinahópa og saumaklúbba á virkum dögum og kvöldum.

Um helgar sækja fjölskyldur staðinn og eiga þægilega stund saman. Skemmtilegt leikhorn er fyrir börnin.

Upplifðu notalega jólastemningu – upplifðu jólin á Skrúð.

SKRÚÐUR Radisson BLU Hótel Saga / Sími 525 9900 / www.skrudur.is

Viðtal við Auði Sigurðardóttur

Viðbrigði að flytja á Nesið

Í lok nóvember eru farfluglarnir löngu flognir og hljótt í garðinum hennar Auðar Sigurðardóttur á Bergi á Seltjarnarnesi en þar eiga þeir sér griðastað á vorin og sumrin, í garðinum sem Auður vill kalla óreiðu en flest samsvarar sér þó vel. Hún segir að á síðari árum láti hún nægja að gera það sem hún geti og annað sitji á hakanum. Svo er þó ekki að sjá. Tal um óreiðu er angí af meðfæddri gamansemi því hvarvetna er snyrtilega gengið um og vel hirt. Haustlaufin eru horfin og trén og gryfjan sem er gamalt varðskýli frá hernámsárunum bíða þess að vori á ný og fuglarnir komi og fylli loftið af söng. „Krakkarnir mínir segja gjarnan að vorið sé komið þegar andaparið er komið á tjörnina“ segir Auður sem spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

Berg var byggt upp úr 1950 af Auði og manni hennar Hafsteini Einarssyni, loftskeytamanni og síðar kompásstillingamanni. Auður ólst upp skammt austan við Hringbrautina í Reykjavík, í verkamannabústöðunum svokölluðu á mörkum gamla og nýja Vesturbæjarins sem Hringbrautin skiptir í tvo bæjarhluta. Faðir Auðar var Sigurður Guðnason, Tungnamaður og búfræðingur sem tók sig ungur að árum upp frá búskap, hélt til Reykjavíkur og gerðist verkamaður á mölinni eins og sagt var á þeirri tíð. Sigurður lét fljótt félagsmál til sín taka. Gekk til liðs við Dagsbrún og var formaður félagsins frá 1942 til 1954 og þingmaður fyrir Sósíalistasflokkin frá 1946 til 1956.

Kom 22 ára á Nesið

Auður var 22 ára þegar hún fluttist út á Seltjarnarnes. „Ég bjó heima hjá foreldrum mínum fyrst eftir að við Hafsteinn kynntumst en 1952 ákváðum við að byggja okkur hús á Nesinu. Hann var ættaður þaðan, sonur Einars frá Nesi og vildi hvergi annarsstaðar búa. Hann var fæddur í Bollagörðum og ættarsagan hans á Nesinu nær um tvær aldir aftur í tímann. Kristín í Nesi amma Hafsteins missti manninn sinn í sjóslysi 1906 þegar Einar tengdafaðir minn var aðeins 15 ára. Hann lét það þó ekki aftra sér frá sjósókn og fór í Stýrimannaskólann og til sjós og var meðal annars skipstjóri hjá Birni Ólafs mági sínum í Mýr-



Auður Sigurðardóttir í stofunni heima á Bjargi. Fyrir ofan hana er mynd sem hún málaði eftir mótví frá Hornafirði. Inntakið í myndinni er einkum smæð vitans í samanburði við klettótt fjöruborðið. Smæð hins mannlega í samanburði við náttúruna.

arhúsum. Einar tengdafaðir minn var afburða sjómaður og sérlega veðurglökkur en svo kom að því að hann hætti á sjónum og ákvað þá að hefja búskap Bollagörðum. Þarna var talsvert jarðnæði og því hægt að vera með nokkrar mjólkurkúr og selja mjólkina á Nesinu. En þegar hann var búinn að koma sér upp bústofni var Mjólkursamsalan stofnuð og allir settir undir sama hatt með búvörulögum þannig að engin framtíð reyndist vera í mjólkurframleiðslunni. Hann gerðist síðan fiskmatsmaður lengst af hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur.“

Bretavirki í bakgarðinum

“Við Hafsteinn fengum land úr Bollagarðatúninu sem var tilheyrði fjölskyldu hans“ heldur Auður áfram. „Einar gaf okkur lóðina en hún var sá hluti túnsins sem hann mátti helst missa. Lóðin var dálítið grýtt en var miklu skemmtilegri fyr-

ir vikið og ekki eins flöt og landið í nágrenninu. Ég man að við fengum jarðýtu hjá kunningja okkar til þess að ýta grjótinu saman. Það kom svo mikið af stórgrýti úr grunninum að við gátum búið til mun sjónrænna umhverfi en annars hefði orðið.“ Húsið var lítið í upphafi og Auður segir að fara hafi þurft eftir ströngum skömmtunareglum við bygginguna. „Á þessum tíma voru ákaflega strangar reglur um allar húsbyggingar. Ekki mátti byggja stærra en 80 fermetra eða smábúðahús eins og þau voru kölluð. Það voru líka ákveðnar teikningar sem varð að byggja eftir en við gátum hagað því þannig að auðvelt var að byggja við húsið sem við gerðum síðar. Húsið stóð ekki við neina götu og við þurftum að fá nafn á það og þannig varð Bergsnafnið til. Það var heldur engin gata heim að húsinu og við urðum að draga allt efni á handvagni hingað uppeftir.

Hersetan á stríðsárunum hafði líka mótað umhverfið hér nokkuð,“ segir Auður. „Herinn var hér í túninu og eitt af því sem hann gerði var að sprengja fyrir virki. Þar voru hermenn á vakt, eftirlitsmenn sem áttu að fylgjast með öllum skipaferðum inn til Reykjavíkur. Stríðinu lauk og herinn fór en ummerkin eru ennþá hér á garðinum. Virkið og gangbrautin. Okkur vantaði einhverju sinni mold í garðinn og Hafsteinn sagði þá að nóg væri af henni, við þyrftum bara að grafa virkið upp sem við gerðum. Virkið setur mikinn svip á garðinn og krökkunum fannst þetta ekki ónýtt leiksvæði – sjálft Bretavirkið.“

Verst að missa heita vatnið

Auður segir það hafa verið talsverð viðbrigði fyrir sig af fara úr verkamannabústöðunum norðan Hringbrautarinnar og út á Seltjarnarnes. „Mestu viðbrigðin voru að missa heita vatnið. Það var engin hitaveita komin á Seltjarnarnesi. Við þurftum að hita upp með olíu. Strætó kom sex sinnum á dag alla leið út á Seltjarnarnes og vinkonur mínar skyldu ekkert í mér að vilja flytja út á þennan útnára sem þeim fannst Nesið vera. Seltjarnarnes var líkara sveit en bæ á þessum tíma og ef ég hefði alist upp í sveit hefðu viðbrigðin ekki orðið svona mikil. En á móti kom að hér var gott að vera með börn,“ segir Auður sem á þrjú uppkomin börn sem búa öll í nágrenni við hana á Nesinu.

Lærði hjá Konna Kompás

Sjómennskan gekk enn í erfðir og Hafsteinn fór á sjóinn, fyrst á vertíðir sem unglingur. Hann lærði til loftskeytamanns og starfaði um tíma hjá Eimskip en leiddist alltaf á sjónum. „Fjarveran frá fjölskyldunni átti ekki við hann og því fór hann að huga að starfi í landi. Á þessum tíma var Konráð Gíslason skipstjóri „aðalkompásexpert“ þessa lands og starfaði við að stilla kompása eða áttavita. Hafsteinn fór til Konna sem tók hann í læri og eftir það starfaði hann alfarið við viðgerðir og stillingar á þessum leiðsögutækjum.“

Var eiginlega seld með saumavélumboðinu

Á þessum árum var ekki algengt að húsmæður væru að vinna úti en fór þó vaxandi. Auður var heima

með börnin á meðan Hafsteinn stundaði sjóinn en fór svo að vinna úti hálfan daginn. „Það voru engin barnaheimili í þá daga. Ég vann eitt-hvað í fiski hjá Skúla á Snoppu þegar börnin voru lítil. Svo fór ég að vinna við verslunarstörf hjá ýmsum aðilum og lengst hjá Heimilistækjum. Ég hafði komið að því að kenna fólki að nota saumavélar þegar Silli og Valdi voru að selja þær í Austurstrætinu og var eiginlega seld með saumavélaumboðinu til Heimilistækja á sínum tíma. Ég vann lengst hálfan daginn en stundum lengur þegar mikið var að gera eins og fyrir jólin.“

Fólk á að vinna saman að bæjarmálunum

Auður kom nokkuð að bæjarmálunum á Seltjarnarnesi og átti sæti í bæjarstjórninni um tíma. „Faðir minn var verkálföringur og sat á þingi fyrir Sósíalistasflokkinn þannig að það fór aldrei leynt úr hvaða pólitískum jarðvegi ég var vaxin. Konráð Gíslason eða Konni Kompás sat í bæjarstjórninni hér fyrir vinstri menn og átti einhverju sinni í erfiðleikum með að fá einhvern með sér á framboðslista. Ég lét til leiðast og er því trúlega í hópi þeirra kvenna sem fyrstar sátu í sveitarstjórnnum hér á landi. Þetta var skemmtilegt og fróðlegt og samskiptin voru oftast góð nema rétt fyrir kosningar. Mín skoðun er að fólk eigi að reyna að vinna saman að bæjarmálunum en ekki að bítast út af smáatriðum. Ég hætti svo afskiptum af þessum málum þegar ég var um fimmtugt því þá var ég orðin þreytt á þessu. Það var Guðrún Katrín Þorbergsdóttir heitin og tók við merkinu eftir að ég hætti. Við þekktumst vel úr æsku, báðar aldar upp í Verkamannabústöðunum. Ég man eftir því að hún kom kvöld eitt gangandi með ungum manni sem var nágrenni okkar hér á norðanverðu nesinu. Ég kannadist líka við hann en hafði enga hugmynd um að þau væru þá að



Auður situr hér í handvagninum sem þau Hafsteinn urðu að draga byggingarefnið á yfir vegleysuna því enginn vegur var heim að húsinu í fyrstu. Byrjað var að byggja húsið upp úr 1950 en myndin er trúlega tekin um eða eftir 1960

draga sig saman. Það var Ólafur Ragnar Grímsson og átti heima við Barðaströndina.“

Alltaf með skissubókina með mér

Auður er einn af stofnendum Myndlistarfélags Seltjarnarness og hefur lengi verið virk í myndlistinni. Hún nam hjá ýmsum og

einkum hjá Hring Jóhannessyni listmálara. Áhrifa frá honum gætir í sumum verka hennar og að hennar sögn var það Hringur sem fékk hana til þess að nota spaðann við að mála. „Við stóðum nokkur að stofnun myndlistarfélagsins sem höfðum áhuga á listinni og héldum sýningar hér á Nesinu. Ég tók líka nokkrar tarnir við Myndlistarskólann í Reykjavík. Mér fannst alltaf

gaman að teikna og teiknaði mikið sem barn. Ég vann til hádegis en kenndi talsvert á saumavélarar á kvöldin. Ég gat þá málað í eftirmiðdaginn og segist stundum einkum hafa málað á föstudagseftirmiðdögum þegar aðrar konur voru að skúra.“ Þegar gengið er um húsið á Bergi kemur fljótt í ljós að húsmóðirin hefur verið talsvert iðinn með pensilinn og þó einkum spaðann. „Við Hafsteinn ferðuðumst talsvert um landið og ég var alltaf með skissubókina með mér og skissaði upp það sem mér fannst áhugavert.“ Að loknu spjalli gengur Auður út í garðinn með komumanni. Garðurinn er ekki síður myndrænn en málverkin. Hún hefur greinilega yndi af garðinum sem hún vill endilega kalla óreiðu. „Ég hlýt að hafa verið moldvarpa í fyrra lífi. Ég hef svo gaman af því að annast um garðinn. Hún gengur á undan stíginn sem liggur í gegnum garðinn og endar í virkinu þar sem hermennirnir stóðu vörðinn á stríðsárunum. „Nú þarf ekki lengur að fylgjast með skipaferðum inn til Reykjavíkur. Nú er garðurinn viðkomustaður vorfuglana þegar þeir koma af flugi sínu yfir Atlandshafið.“



MADE IN ICELAND



J.S. Watch co.
REYKJAVIK

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

UMHVERFISHORNIÐ

Jólabljós og rafmagnsöryggi

Rafmagn er einn stórvirkasti brennuvargur nútímans. Á hverju ári verða margir eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kviknar í vegna bilunar en oftast er um að ræða að gáleysi í umgengni við rafmagn valdi slysum eða íkveikju.

Jólin eru hátíð ljóssins og er þá kveikt á fleiri ljósum og þau oft látin loga lengur en aðra daga ársins. Hluti af undirbúningi jóla á að vera að ganga úr skugga um að þau ljós sem nota á séu í góðu lagi. Óvandaður, skemmdur og rangt notaður ljósabúnaður getur valdið bruna og slysum.

Atriði eru hátíð ljóssins og er þá kveikt á fleiri ljósum og þau oft látin loga lengur en aðra daga ársins.

- Láttum aldrei loga á ljósunum á jólatrénu yfir nótt eða þegar við erum að heiman
- Hendum gömlum jólabljósum sem eru úr sér gengin
- Notum ætíð ljósaperur af réttri gerð, stærð og styrkleika
- Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jólabljósum
- Óvarinn rafbúnaður getur valdið raflosti
- Vörum okkur á óvönduðum jólabljósum
- Inniljós má aldrei nota utandyra
- Förum eftir leiðbeiningum um uppsetningu og notkun
- Láttum logandi kerti aldrei standa ofan á raftæki
- Góður siður er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir hver jól
- Notum réttar perur og láttum ljósin ekki loga yfir nótt.

Flestar nýrri ljósakeðjur til notkunar innandyrna eru þannig gerðar að þegar ein pera „deyr“ logar áfram á hinum. Eftir því sem logar á færri perum eykst ljósstyrkur hverrar peru og þar með hitinn. Ljós sem ofhitna geta auðveldlega valdið bruna. Því ber að skipta strax um bilaðar perur í ljósakeðjum og hafa í huga að nota rétta gerð af peru. Röng gerð, stærð eða styrkur getur valdið ofhitnun sem leiðir til íkveikju. Til þess að fá örugglega rétta peru í stað bilaðrar er best að taka ljósabúnaðinn með sér þegar ný er keypt.

Sólumenn eiga að vita hvaða perur henta best.

Ljós og brennanleg efni eru hættuleg blanda

Vegna hitans sem stafar frá ljósaperum er mikilvægt að alltaf sé nægileg fjarlægð frá ljósi í brennanlegt efni. Rafljós geta t.d. kveikt í gluggatjöldum engu síður en kertaljós.

Sýnum sérstaka varúð gagnvart jólastjörnum og öðru pappírsskrauti sem sett er utan um ljósaperur. Ef ljósapera liggur við brennanlegt efni eins og pappír er mikil hættu á íkveikju.

Logandi kerti eru vitaskuld alltaf varasöm en komist þau í kynni við rafmagn er hættu á ferðum. Því er brýnt að láta kerti aldrei standa ofan á raftækjum eins og sjónvarpi eða hljómfletningstækjum. Kertið getur brætt sér leið niður í tækið og kveikt í því. Einnig getur kveikurinn fallið logandi af kertinu ofan í tækið eða vax lekið niður í það og valdið íkveikju.

Notum ekki úr sér gengin ljós

Algengt er að fólk haldi upp á gömul jólabljós sem eru úr sér gengin. Oft endar þessi hirðsemi með íkveikju eða slysi af völdum ljósanna. Réttast er að henda gömlu ljósum eða láta fagmann yfirfara þau ef minnsti grunur leikur á að þau séu í ólagi.

Þegar farið er yfir jólabljósin er áriðandi að skipta tafarlaust um brotnar klær og brotin perustæði. Göngum einnig úr skugga um að allar rafmagnsleiðslur séu heilar, að einangrun sé alls staðar í lagi og að ekki sjái í bera víra.

Ekki er til neitt eitt ráð til að ganga úr skugga um hvort jólabljós séu af vandaðri gerð. Vert er þó að hafa í huga að sérlega ódýr jólabljós eru yfirleitt ekki eins vönduð og dýrari ljós af svipaðri gerð. Gæði og öryggi fara saman í þessu sem öðru.

Notum aldrei inniljós úti

Jólabljós utandyra eiga að vera sérstaklega gerð til slíkrar notkunar. Á öllum jólabljósum eða umbúðum þeirra, sem seld eru hér á landi

sem inniljós, á að standa á íslensku að þau séu eingöngu til notkunar innanhúss. Að nota inniljós utandyra getur verið lífshættulegt. Útiljósakeðjur eiga að vera vatnsvarðar. Brýnt er að perur útiljósa vísi ávallt niður svo að ekki sé hættu á að vatn safnist í perustæðin. Einnig er mikilvægt að festa útiljós vandlega þannig að perur geti ekki slegist við og brotnað.

Mikil aukning hefur orðið á undanförunum árum í notkun svokallaðra „slönguljósa“ sem hægt er að kaupa í metravis. Því miður er nokkuð um íkveikjur af völdum slíkra ljósa og nær undantekningarlaust er það vegna þess að ekki er vandað nægilega til samsetninga. Það er því afar brýnt að fá nákvæmar leiðbeiningar frá söluaðilum um samsetningu slíkra ljósakeðja og fara eftir þeim í einu og öllu. Þá hefur einnig orðið mikil aukning í notkun ljósakeðja með hliðtengdum perum sem ekki hitna mikið og eru þær oft hafðar með ýmisskonar skreytingum eða láttnar í hrúgu í skálar. Mikilvægt er að hafa í huga að þannig má eingöngu nota ljósakeðjur sem til slíkra hluta eru ætlaðar, alls ekki margar þeirra ljósakeðja sem algengastar hafa verið á markaðnum undanförunum ár - þær geta hitnað of mikið og valdið íkveikju.

Engin jólabljós eru svo örugg að hægt sé að útiloka íkveikju af þeirra völdum. Varasamt er að láta loga á jólabljósakeðjum (jólaseríum), sem og öðrum jólabljósum innanhúss, yfir nótt eða þegar við erum að heiman. Það á ekki síst við um ljós á jólatrjáum.

Heimildir: Mannvirkjastofnun.

Gleðileg jól,

f.h. umhverfisnefndar,

Margrét Pálsdóttir, formaður.



SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



Gamla myndin

Nesfréttir ætla á næstunni að birta gamlar myndir af Seltjarnarnesi úr myndasafni Snæbjarnar Ásgeirssonar fyrrverandi bæjarfulltrúa á Seltjarnarnesi.



Útkall hjá Björgunarsveitinni Albert: Kvenfélagið Seltjörn vantaði jólasveina á Jólátrésskemmtun. Jólasveinarnir á myndinni eru: Guðjón Jónatansson t.v. og Snæbjörn Ásgeirsson. GLEÐILEG JÓL!

RE/MAX
Senter

Ert þú í söluhugleiðingum og að leita að áhugasömum og heiðarlegum sölufulltrúa?

Hafðu þá samband við mig, fáðu frítt verðmat og kynningu á söluférlinu.

Jólaeveðja,



Hrafnhildur Baldurs
862 1110
hrafnhildur@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Endurvinnslutunnan

Raunhæfur valkostur fyrir Seltirninga

Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÓ** flokkar af efnum, allt laust í tunnunna nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunnan biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útlutnings. Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!

Seltirningar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:

Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÓ flokka** af endurvinnsluefnum.

Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér spörin.

ET+

Parft þú að losna við raftæki?

Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.



Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á endurvinnslutunnan.is



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Kirkjuhlaup TKS



Trimmkлубbur Seltjarnarness stendur fyrir **kirkjuhlaupi á annan í jólum.**

Lagt verður af stað frá Seltjarnarneskirkju klukkan 10:00.

Leiðin liggur fram hjá eftirfarandi kirkjum:

- Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni
- Landakotskirkju
- Hjálpræðishernum
- Dómkirkjunni
- Fríkirkjunni
- Kirkju aðventista
- Hallgrímskirkju
- Háteigskirkju
- Kirkju óháða safnaðarins
- Fossvogskapellu
- Neskirkju
- Seltjarnarneskirkju



Hver og einn getur hlaupið á sínum hraða en vegalengdin er u.þ.b. 14 km. Auðvelt er að stytta leiðina ef fólk vill.

Að loknu hlaupi býður Seltjarnarneskirkja hlaupurum upp á heitt kakó og smákökur.



Jóhannes Jónsson, stoltur eigandi á opunardegnum.

Iceland-verslun opnar á Grandanum

- Jóhannes Jónsson óttast ekki samkeppnina

„Ég hætti í Bónus fyrir tveimur árum síðan og var í hafti í framhaldi af því vegna þess að ég samdi við þá sem yfirtóku fyrir-tækið að koma ekki nálægt matvöruverslunarrekstri um tíma, en eftir þann tíma fór ég að hugsa mér til hreyfings,“ segi Jóhannes Jónsson, oft kenndur við Bónus en hefur nú opnað nýja Iceland-verslun á Granda.

Í haust opnaði hann verslun á Engihjalla í Kópavogi. „Ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur í Vesturbæinn en ég var með Bónus-verslun á Seltjarnarnesi en var hrakinn þaðan og opnaði þá Bónus verslun hér á Granda.“

stórra samkeppnisaðila á matvöru-markaðnum, Bónus og Krónunnar. Óttastu það ekkert?

„Nei, nei. Ef ég geri hlutina vel sem ég ætla að gera þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því. Ef hlutirnir eru gerðir vel er alltaf pláss. Þetta er gott fyrir alla aðila því ef valkostirnir eru fleiri á einum punkti þá er það af hinu góða fyrir alla. Það er tilboðsverð á ýmsum vörum hér við opnunina og svo geta viðskiptavinir Iceland fundið hér jólavörur sem hvergi finnast annars staðar hérlendis. Markaðssvæði þessarar verslunar er fyrst og fremst Vesturbæinn og Seltjarnarnesið og Miðbærinn en á því svæði býr allt að 25 þúsund manns,“ segi Jóhannes.

- Verslunin er hér á milli tveggja

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Munið að panta tímalega fyrir jólin.

Hlynur, Sara, Anna og Edda

Stofa fyrir alla fjölskylduna.

Næg bílastæði



Krua Thai

...Ævintýraferð fyrir bragðlaukana

Tryggvagata og Bæjarlind

S: 552 2525

www.kruathai.is

Vá!

2 ltr gos fylgir öllum sóttum tilboðum í desember.



Frábært 1. des. kvöld hjá Való

Hin árlega 1. des. skemmtun Valhúsaskóla var haldin í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi fimmtudaginn 29. nóvember. Skemmtunin er haldin fyrir alla nemendur 10. bekkjar, foreldra þeirra og kennara. Á hverju ári setja nemendur 10. bekkjar í Valhúsaskóla upp leik-sýningu sem þeir frumsýna á 1. des skemmtuninni. Krakkarnir æfa einnig hina ýmsu samkvæmisdansa í íþróttatímum hjá Mettu og Hrund nokkrum vikum fyrir hátíðina og sýna síðan afkrasturinn á 1. des.

Krakkarnir bjóða svo foreldrum sínum uppí dans, sem er alltaf jafn skemmtilegt. Nemendur sjá um skemmtiatriði kvöldsins, og í ár voru þau ekki af verri endanum. Kynnar kvöldins voru þau Lillý og Kristján Hilmar. Viktor Orri, formaður nemendaráðs í Valhúsaskóla, startaði kvöldinu með stuttu ávarpi. Einar Túdorel tók vinningslagið í undankeppni Selsins fyrir Rímnaflæði og Pálína Ingibjörg söng jólalag, við góðar undirtektir viðstaddra. Krakkarnir hafa staðið í ströngu síðustu vikur við að setja upp dansleikinn Foot-loose undir leikstjórn Boga Hallgrímssonar. Enn og aftur kemur það í ljós hvað við eigum hæfileikaríka, flotta og duglega krakka á Nesinu. Leik-sýningin var frábær, dansarnir og söngatriðin framúrskarandi, og leikhópurinn í heild sinni til fyrirmyndar.

Hljómsveitin Silfur slúttaði svo kvöldinu með heljarinnar dansiballi, þar sem krakkarnir okkar dónsuðu frá sér allt vit og svitnuðu eins og brjál-



Mikil glaðværð ríkti hjá þeim sem tóku þátt í 1. des.

æðingar. Síðan fóru allir heim, dauðþreyttir en sáttir eftir "frábært" kvöld!

Fyrir mér, sem fyrrverandi nemenda Valhúsaskóla, er 1. des skemmtunin hátíðlegasti og skemmtilegasti viðburður minnar skólagöngu. Ég man ennþá eftir spennunni, stressinu, fjörinu og gleðinni sem fylgdi því að setja upp leikrit með samnemendum mínum og hvað við kynntumst öll vel á æfingarferlinu. Ég man ennþá eftir

því þegar ég bauð pabba uppí dans og við ætl-uðum aldrei að ná að vera í takt við hvort annað. Ég er mjög þakklát, sem starfsmaður í Selinu, að fá að taka þátt í þessari skemmtun og búa til þessar góðu minningar með krökkunum sem þau munu búa að alla ævi.

F.h. starfsmanna Selsins
Sigríður Margrét Einarsdóttir

ÁRVISS STÓRVIÐBURÐUR!

JÓLATRJÁASKEMMTUN NESVINA OG H.P. OPTIME

RAUÐA LJÓNINU
LAUGARDAGINN 29. DESEMBER

Bjór, 9-bíó, leynigestur, pubquiz, Nesvinir leika jólalög og margt fleira!
Fyllum Rauða Ljónið á þessum einstaka jóla- og menningarviðburði.



Eldri bæjarbúar í jólasþingi



miðvikudaginn 12. desember kl. 20.00.

Selkórinn heldur tónleika fyrir eldri bæjarbúa. Flutt verða jólalög í bland við aðra tónlist og að venju verður boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti.

Salurinn skólabraut 3-5, miðvikudaginn 19. desember kl. 15.00.

Hljóðfærleikarar frá Tónlistarskóla Seltjarnarness verða á flakki þennan dag og koma við í salnum Skólabraut og leika nokkur jólalög.

Myndlistasýning Guðmundar Kristinssonar í Bókasafni Seltjarnarness er opin til 18. des.

Önnur dagskrá er hefðbundin. Söngur 7. og 14. des. Félagsvist 6. des. og jólabingóíð 20. des. Helgi-stund 11. des. á Skólabraut og hjúkrunarfræðingur Þriðjudaginn 18. des. Síðasti jógatími fyrir jól er 20. des. Síðasti handavinnu og námskeiðsdagur er miðvikudagurinn 19. des. Dagskráin hefst svo aftur mánudaginn 7. janúar 2013.

Félags og tómstundasvið eldri bæjarbúa óskar öllum samstarfsaðilum gleðilegrar hátíðar og þakkar liðnar stundir.

Tónlistardagskrá í desember.
Félagsheimili Seltjarnarness,



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Vegna forfalla getur skólinn innritað nokkra nemendur á gítar og blásturshljóðfæri frá og með næstu áramótum.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans sem opin er virka daga frá 11:00 15:00.

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Skólastjóri

Jón Hjaltason gefur út eigin þýðingu á Tennison

Nesbúinn Jón Hjaltason hefur sent frá sér nýja bók en það eru þýðingar hans á ljóði eða öllu heldur ljóðabákinum „Locksley Hall“ eftir Alfred Tennison sem var uppi á árunum frá 1809 til 1892. Ljóðið segir frá þreyttum hermanni sem er á leið heim og nálgast æskuslóðir sínar ásamt flokki sínum í Lincolnskíri á Englandi.

Jón fer aðra leið og er þýðing hans að mestu laus við orðskráð 19. aldar og mun nútímalegri að framsetningu en þýðing Guðmundar. Af þeim sökum er hún mjög aðgengileg venjulegum lesanda á Íslandi í upphafi 21. aldar. Ljóst að í nokkuð er ráðist hjá Jóni að þýða

þennan ljóðabálk sem af mörgum er talinn einn af meistaraverkum Tennisons en Jón hefur löngum fengist við allt annað en bókmennaverk og þýðingar. Í ágripi um sjálfan sig á bókarkápu kveðst hann hafa byrjað að starfa á eyrinni eins og það er kallað en síðar haldið til sjós á togurum og á millilandaskipum. Eftir það hóf hann nám við m.a. við verslunarstörf og sölumennsku og hefur tekið þátt í atvinnu- og viðskiptalífnum síðan. Bókmenntaáhuginn hefur þó fylgt honum eftir þótt um áhugamál sé að ræða og af þýðingu hans má sjá að hann leggur sig allan fram þegar hann tekur sér verk fyrir hendur á því sviði.

Taktu þátt í ET leiknum á endurvinnslutunnum.is
Þú gætir unnið iPad mini



Við höfum fengið til liðs við okkur KR-inginn Eirík Inga og höfum herraklippinguna á 3.500 kr.



RAKARA- OG HÁRGREIÐSLUSTOFAN

GREIFINN

HRINGBRAUT 119 ☎5522077

Helgihald um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

15. desember - Nýjung!

Kyrrðardagur í Seltjarnarneskirkju kl. 14-18. Hvíld og kyrrð í erli aðventunnar. Fjölbreytt og uppbyggileg dag-skrá. Skráning í síma 561-1550

16. desember

Guðsþjónusta kl. 11. Selkórinn syngur. Íbúar í Bollagörðum, Hofgörðum, Sævangörðum og Sefgörðum taka þátt. Sóknarprestur, organisti og félagar í Kammerkór kirkjunnar þjóna. Veitingar.

23. desember

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Mikill söngur. Jólasveinninn kemur í heimsókn með glaðning. Veitingar.

Orgeltónar við kertaljós kl. 23-24. Friðrik Vignir Stefánsson, organisti.

24. desember

Aftansöngur kl. 18. Sóknarprestur, organisti og Kammerkór kirkjunnar þjóna.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30. Kór Menntaskólans í Reykjavík syngur. Sóknarprestur og organisti kirkjunnar þjóna.

25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar. Organisti og Kammerkór kirkjunnar þjóna.

26. desember

Helgistund kl. 09.50 með hlaupur-



um í Trimmklúbbi Seltjarnarness er taka þátt í árlegu kirkjuhlaupi.

30. desember - Nýjung!

Fjölskyldustund kl. 11. Dansað í kringum jólatréð.

31. desember - Nýjung!

Heitta kakó og orgeltónar kl. 20.45-22.00. Friðrik Vignir Stefánsson leikur sálma og áramótalög á orgelið. Heitt kakó fyrir þá sem fara á eða koma af brennu.

1. janúar

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Guðmundur Einarsson, formaður sóknarnefndar, flytur hugleiðingu. Sóknarprestur, organisti og Kammerkór kirkjunnar þjóna.

Þriðjudagurinn 8. janúar kl. 11.

Stund fyrir eldri borgara í Seltjarnarneskirkju. Gestur fundarins verður Sigríður Arnardóttir (Sirrý), fjölmiðlakona og rithöfundur. Hún mun lesa úr bók sinni „Laðaðu til þín það góða.“ Léttur hádegisverður í boði kirkjunnar.



Gróttta Íslandsmeistari í kraftlyftingum 2012

Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir og Aron Lee Du Teitsson frá kraftlyftingadeild Gróttu hlutu stigabikara kvenna og karla á Bikarmóti Kraftlyftingasambands Íslands sem fór fram í Ármannshemilinu laugardaginn 24. nóvember síðastliðinn. Hildur Sesselja setti alls fimm Íslandsmet á mótinu og Aron setti fjögur Íslandsmet. Þá setti Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir úr Gróttu Íslandsmet í bekkpressu og Arnís María Erlingsdóttir einnig úr Gróttu, setti Íslandsmet í réttstöðulyftu. Elín Melgar Aðalheiðardóttir úr Gróttu, setti Íslandsmet unglunga í réttstöðulyftu.

Gróttta hefur unnið flest stig allra liða á landinu á Íslands- og Bikarmótum í kraftlyftingum. Gróttta vann Íslandsmeistaramótið í bekkpressu og einnig í kraftlyftingum og í réttstöðulyftu og lenti í öðru sæti á Bikarmótinu í kraftlyftingum og varð þar með Íslandsmeistari í kraftlyftingum 2012. Þetta verður að teljast glæsilegur árangur hjá kraftlyftingadeild sem var stofnuð fyrir um einu ári síðan eða þann 28. nóvember 2011.

Kraftlyftingadeild Gróttu var stofnuð að frumkvæði Ingimundar Björgvinssonar, Borghildar Erlingsdóttur, Erlu Kristínar Árnadóttur og Hildar Sesselju sem sitja meðal annarra í stjórn deildarinnar. Eins

og árangurinn gefur til kynna hefur lið Gróttu á að skipa mörgum frábærum keppendum sem hafa sett fjölda Íslandsmeta á árinu. Þá keppti Gróttukonan Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir fyrir hönd Íslands á Evrópumóti unglunga í júní mánuði og vann til silfurverðlauna í bekkpressu.

Þjálfari liðs Gróttu er Ingimundur Björgvinsson, sem er þrautreyndur kraftlyftingakappi og hefur stýrt liðinu vel á öllum mótum auk góðra aðstoðarmanna. Má með sannri segja að hann sé maðurinn á bak við árangurinn. Þá má geta þess að sérstaklega fjölmennt og traust stuðningslið fylgir Gróttu ætíð á áhorfendapöllum sem er ómetanlegur þáttur í árangri liðsins á mótum. Kraftlyftingadeild Gróttu leggur meðal annars áherslu á klassískar kraftlyftingar, þ.e. lyftingar án útbúnaðar en sú tegund kraftlyftinga hefur notið sífellt meiri vinsælda um heim allan á síðustu misserum. Aron Lee Du stefnir á að keppa á heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum sem fram fer í Rússlandi í júní næstkomandi en miðað við núverandi heimslista á hann möguleika á að blanda sér í baráttu þeirra bestu. Þá verður Norðurlandamót unglunga í kraftlyftingum haldið á Íslandi í febrúar á næsta ári og mun Gróttta eiga fulltrúa á því móti.

*Gjafakort í snyrtingu
er notaleg jólagjöf...*

Alhliða snyrting fyrir konur og karla

SNYRTISTOFAN

Jóna

Hamraborg 10 • 200 Kópavogur • sími 554-4414
Tryggvagata 28 • 101 Reykjavík • 552-5005
www.snyrtistofa.is

HÚSNÆÐI TIL LEIGU

- Gott 60 m2 húsnæð á 2 hæði til leigu að Austurströnd 1, Seltjarnarnesi.

- Gott umhverfi -

Upplýsingar í síma:
892 0394 og 661 8661

„Kom blessuð, ljóssins hátíð“

Jólin eru sannarlega hátíð ljóssins í huga okkar. Þá kveikjum við ljós við ljós og hrekjum burt vetrarnáttmyrkrið, eða eins og Guðmundur Guðmundsson orti svo fallega í jólasálmí sínum:

Kom blessuð, ljóssins hátíð, - helgi þín minn hug og vilja, gófgi, vermi, fylli, svo máttug verði og heilög hugsun mín og hörpu mína Drottins andi stilli.

Það er þessi helgi jólanna sem skáldið talar um. Hún skal gófga huga okkar og vilja sem og verma og fylla hugsun okkar svo að hún verði máttug og heilög. Er þetta ekki stórkostleg mynd sem birtist okkur í þessum ljóðlínunum? Helgi jólanna er hér í brennidepli. Hún er þessi einstaka tilfinning sem er sinnar tegundar. Er ekki eftirsóknarvert að finna til þessarar tilfinningar? Henni fylgir ákveðin samstilling við Drottin Guð. Við stillum huga okkar inn á bylgjulengd Guðs á jólum. Þegar jólin ganga í garð kl. 18 á aðfangadagskvöld verður allt heilagt. Hátíðleikinn er mikill. Margir fara í aftan-söng í Seltjarnarneskirkju á þeim tíma. Aðrir eru heima og hlusta á beina útsendingu frá

Dómkirkjunni, eins og þeir hafa gert jafnvel áratugum saman. Svo eru það þeir sem kjósa að koma í miðnæturguðsþjónustu í Seltjarnarneskirkju kl. hálf tólf og taka þátt í helgihaldi á heilagri jólanótt.

Fólk getur upplifað helgi jólanna þrátt fyrir misjafnar aðstæður. Það er ávallt spurning um hugarafstöðu, sem byggist á innri gleði okkar. Eigum við þennan jólahug eða ekki? Gleðjumst við yfir fæðingu jólabarnsins eða ekki? Skiptir innihald jólanna okkur einhverju máli? Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta spurning um trúarafstöðu okkar.

Á helgum jólum viljum við gleða þá sem okkur þykir vænt um. Með jólagjöfinni erum við að segja við vini og vandamenn: „Mér þykir vænt um þig og mig langaði til þess að segja þér það með þessari gjöf.“ Þá skiptir verðmæti gjafarinnar ekki máli. Umhyggjan og kærleikurinn eru hafinn yfir allt slíkt. Það eru oft smáu gjafirnar sem skipta máli. Hugurinn sem að baki býr. Hvað gleður til dæmis foreldra meira en teiknuð mynd eða eitthvað annað sem barnið hefur sjálft búið til?

Jesús sagði að við ættum að verða eins og börnin, einlæg og sönn, enda finnum við tæra trúarafstöðu hjá þeim. Við eigum að líkjast þeim að þessu leyti. Í þessari trú barnsins er falslaust traust á Guði. Biðjum Guð að gefa okkur þessa trúarafstöðu, þennan hreinleika, svo við getum tekið á móti barninu í jötunni á þessum jólum fegins huga.



Bjarni Þór Bjarnason.

Ó, gef mér barnsins glaðan jólahug, við geisla ljósadýrðar vært er sofnar. Þá hefur sál mín sig til þín á flug, og sérhvert ský á himni mínum rofnar.

Guð gefi þér og þínum gleðileg jól í Jesú nafni.

**Bjarni Þór Bjarnason,
Sóknarprestur í
Seltjarnarnesprestakalli.**

*Gleðileg jól
og
þarsælt komandi ár!*



Þæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesþæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða



Glæsilegur hópur iðkenda sem tóku þátt í afreksæfingum Gróttu og DHL.

Góð þátttaka í afreksæfingum

Fyrsta námskeið afreksæfinga handknattleiksdeildar Gróttu og DHL fór fram dagana 6. til 23. nóvember. Um var að ræða þriggja vikna námskeið fyrir áhugasama iðkendur þar sem farið var ítarlega í ákveðna áhersluþætti. Áhersluþættir þess námskeiðs sem nú er nýlokið var skot og fintur. Mikil aðsókn var á þetta fyrsta námskeið en þar sem farið var í nákvæm tækniatriði var þátttakan á námskeiðin takmörkuð og eingöngu 20 iðkendur sem komust að.

Þess vegna var fullt á þetta fyrsta námskeið en tvö önnur námskeið verða haldin í vetur. Þau fara fram eftir áramót og verða auglýst bet-

ur þegar nær dregur. Æfingarnar fóru fram tvisvar sinnum í viku á morgnana kl. 06:30 til 07:40 en eftir æfinguna fengu þátttakendur létt morgunsnarl sem er nauðsynlegt áður en krakkarnir fara á skólann. Rakel Dögg Bragadóttir, landsliðskona í handknattleik og fyrrverandi atvinnumaður ræddi við krakkana eitt miðvikudagskvöldið um það sem þyrfti til að komast á toppinn, hvaða atriði þyrfti að hafa í huga, hverju þyrfti að fórna og fleira. Foreldrum þátttakenda var velkomið að mæta á fyrirlesturinn og nýttu mörg sér það. Krakkarnir fylgdust vel með og spurðu Rakel Dögg síðan spjörum úr í lok fyrirlestursins.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Flottar helgar hjá 5. flokki karla



Gróttu 1 á eldra ári gerði sér lítið fyrir og vann 2. deildina.

Fimmti flokkur karla yngri og eldra í handbolta léku í nóvember á öðru Íslandsmótinu sínu í vetur. Gróttu 1 á eldra ári gerði sér lítið fyrir og vann 2. deildina eftir mikla dramatík á lokametrunum. Gróttu 2 á eldra ári endaði í 4. sæti í 4. deild eftir einn sigur og þrjú töl. Yngra árið lék í 3. deild og lenti í 3. sæti í þeirri deild eftir tvo sigra og tvö töl.

Eldra árið lék því miður ekki stöðugan leik á mótinu, sumir kaflar voru slakir en aðrir hrikalega góðir. Yngra árið mun leika aftur í 3. deildinni á næsta móti og ætlar klárlega að gera tilkall til 2. deildar. Til þess þurfa leikmenn að æfa vel eins og þeir hafa gert hingað til. Stöðugar framfarir hafa einkennt liðið núna í haust og vonandi verður áframhald á því.

Jens Elvar ráðinn aðstoðarþjálfari Gróttu

Knattspyrnudeild Gróttu hefur ráðið nýjan aðstoðarþjálfara í knattspyrnu. Sá er Jens Elvar Sævarsson og hefur hann komið víða við í fótboltnum.

Jens Elvar spilaði lengst með Þrótti Reykjavík. Þá spilaði Jens einnig með Fylki og Fjarðabyggð áður en hann var ráðinn sem spilandi þjálfari hjá Hvöt frá Blönduósi, en þar var hann árin 2009 til 2010. Á síðustu leiktíð var Jens spilandi þjálfari hjá Reyni Sandgerði. Jens spilar alla jafna sem varnar- eða miðjumaður og væntir Gróttu mikils af honum og býður hann velkominn til starfa.



Jens Elvar tv. ásamt Hilmarí Sigurðssyni formanni knattspyrnudeildar Gróttu.



Fimleikar í snjónum á Akureyri

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum var haldið á Akureyri helgina 17. – 19. nóvember síðastliðinn. Keppni var í 5. þrepi, 4. þrepi og 3. þrepi stúlkna og drengja. Stór hópur frá fimleikadeild Gróttu lagði af stað með rútu á föstudegi og mikil spennan var meðal keppenda en mótinu hafði áður verið frestað vegna veðurs. Spennan fólst ekki síst í því hvort yrði fært norður þessa helgina. Mikil ánægja var í hópnun þegar loksins var komið í allan snjóinn á Akureyri eftir langa rútuferð. Hópurinn gisti í Síðuskóla ásamt fleiri keppendum úr öðrum liðum. Keppni hófst strax á laugardagsmorgun og stóð fram á sunnudags eftirmiðdag.

Góður árangur Gróttukrakka var eftirtektarverður og einnig gaman að fylgjast með góðum keppnisanda og gleði þessara ungu keppenda. Stór hópur stuðningsmanna fylgdi hópnunum, sem lét sitt ekki eftir liggja á áhorfendapöllum með góðri hvatningu til keppendanna. Árangur krakkanna lét ekki á sér standa en sem betur fer var

nóg pláss í rútnu fyrir öll verðlaunin.

María Elísabet Björnsdóttir varð í 3. sæti á tvíslá í 3. þrepi. Sóley Guðmundsdóttir var í 2. sæti á stökki, 3. sæti á tvíslá, 3. sæti á gólfi og 3. sæti samanlagt í 4. þrepi og Sunna Kristín Gísladóttir var í 3. sæti á stökki í 4. þrepi. Simon Kristjánsson Sullca var í 3. sæti á gólfi, 1. sæti á stökki, 3. sæti á tvíslá, 2. sæti á svifrú og 2. sæti samanlagt í 4. þrepi. Katrín Sigurðardóttir var í 3. sæti á tvíslá, 1. sæti á gólfi og 2. sæti samanlagt í 5. þrepi en þar fengu einnig Britet Bjarnadóttir viðurkenningu fyrir 8. sæti og Teresa Nukun Steingrimsdóttir varð í 10. sæti samanlagt.

Til að fagna frábæru gengi og mjög skemmtilegri ferð var borðaður góður matur á Blönduósi með dásamlegum eftirrétti. Mikil og góð upplifun enda flestir sem voru að fara í sína fyrstu alvöru keppnisferð út á land. Það voru sáttir krakkar sem komu heim á sunnudagskvöldið, reynslunni ríkari og með góðar minningar.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir en hún hlaut á dögnum stigabikara kvenna á Bikarmóti Kraftlyftingasambands Íslands og setti alls fimm Íslandsmet á mótinu.

Hildur segist vera Seltirningur í húð og hár. Hún býr á Seltjarnarnesi ásamt manninum sínum Birni Hjaltested Gunnarssyni og tveimur börnum þeirra. Hún hefur rekið leikfangaheildsöluna HB Heidverslun síðan 2004 ásamt því að stunda kraftlyftingar með tveimur vinkonum sínum þeim Erlu Kristínu Árnadóttur og Borghildi Erlingsdóttur hjá Ingimundi Björgvinsyni.

Fullt nafn? Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir.

Fæðingard. og ár? 10. mars 1977.

Starf? Heildsali.

Helstu kostir? H-m veit ekki alveg, get verið mjög stundvís sem getur líka alveg verið ókostur stundum.

Eftirlætis matur? Steik og Saffran pizza þessa dagana.

Eftirlætis tónlist? Hef mjög blandaðan tónlistarsmekk, tek alls konar æði núna er ég til dæmis með aftur eftir smá pásu Michael McDonalds á repeat.

Eftirlætis íþróttamaður?

Nadia Comaneci fimleikakona.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Breskir og danskir spennuþættir og Borgen.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Ætli það sé ekki One day, kannski ekki mjög menningarleg en sæt og skemmtileg bók. Svo fannst mér ótrúlega gaman að lesa Stieg Larsson bækurnar.

Uppáhalds leikari? Sean Penn, Justin Timberlake og Drew Barrymore.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Þori nú varla að segja það en það er Braveheart, Pretty in Pink og núna nýlega Bridesmaids.



Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Æfi kraftlyftingar og sinni stjórnarstöfum hjá Fimleikadeild Gróttu.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Mér finnst Ísland í heild sinni það fallegasta í heimi.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Húmor og heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Veit að ég er ekki 18 ára en mig myndi langa að hitta Justin Timberlake.

Uppáhalds vefsíða?

www.netaporter.com.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Ég yrði yfir mig ánægð að fá mynd eftir sex ára son minn.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Setja helminginn á banka og spara því ég er ekki mjög góð í því og svo helminginn í að styrkja fimleikadeild Gróttu til áhaldakaupa.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Byggja nýtt fimleikahús fyrir fimleikadeild Gróttu.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að taka amk 150 kg. í hnébeygju, 150 kg. í réttstöðu og 75 kg. í bekk + auðvitað að vera góð við mína nánustu og passa vel upp á fjölskylduna mína.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór í frábæra hjólhysiferð með fjölskyldunni minni og vinum.

Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.

Íslenskt handverk
Fæst um land allt

Stuðningur til sjálfstæðis

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Hugtök Markaðsáætlun

Á Hjálpersímanum 1717
starfa sérgjafliðir
sjálfboðaliðar sem
eru alltaf
til taks

Liður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

PIZZA

Hæði
Hæðir

RESTAURANT

Hringbraut 119
Sími: 55 44444

Allar jólabækurnar

og mikið úrval klassískra bóka á góðu verði
Bóksala stúdenta - Háskólatorgi



Okkar verð:
4.965 kr.




Okkar verð:
4.885 kr.




Okkar verð:
4.495 kr.



Okkar verð:
2.490 kr.




Okkar verð:
3.995 kr.




Okkar verð:
4.495 kr.



Okkar verð:
13.380 kr.



Okkar verð:
1.825 kr.



Okkar verð:
2.520 kr.



Okkar verð:
3.495 kr.

Klassískar kiljur
í hundraðatali.
Tilvalin jólagjöf!



Okkar verð:
549 kr.



Okkar verð frá:
390–1.990 kr.

Mikið úrval bóka á góðu verði.
Jólatilboð á tugum nýrra íslenskra bóka.
Kynntu þér úrvalið á boksala.is

Afgreiðslutími á Háskólatorgi til jóla:
Virkir dagar 9–18
Laugardagurinn 15. des. 11–16
Laugardagurinn 22. des. 11–18
Þorláksmessa 10–18
Aðfangadagur 9–12
Gamlársdagur 9–12

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is